

Reginn hf.

Hluthafafundur 2. febrúar 2024

Dagskrá og tillögur fyrir rafrænan hluthafafund Regins hf. („Reginn“ eða „félagið“) sem haldinn verður haldinn föstudaginn 2. febrúar næstkomandi klukkan 15:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi

- 1) Kosning endurskoðunarfélags
- 2) Önnur mál, löglega upp borin

1) Kosning endurskoðunarfélags

Stjórn leggur til við hluthafafund að Deloitte ehf. verði kjörið sem endurskoðunarfélag félagsins.

Greinargerð:

Á aðalfundi félagsins þann 7. mars 2023 var Ernst & Young ehf. kjörið endurskoðunarfélag félagsins í samræmi við 29. gr. samþykktu félagsins. Nýverið gengu formlega í gegn kaup Deloitte ehf. á tilteknum eignum og rekstri Ernst & Young ehf. en með kaupunum tók Deloitte ehf. yfir samninga við viðskiptavini Ernst & Young ehf., þar á meðal við Regin, og er störfum Ernst & Young ehf. fyrir félagið þannig lokið. Stjórn Regins hefur óskað eftir því að Deloitte ehf. taki við hlutverki Ernst & Young ehf. sem endurskoðunarfélag Regins með fyrirvara um samþykki hluthafafundar. Í samræmi við skyldur stjórnar samkvæmt samþykktum félagsins og lögum nr. 3/2006 um ársreikninga hefur stjórn félagsins ákveðið að boða til hluthafafundar til þess að kjósa endurskoðunarfélag fram til aðalfundar félagsins þann 12. mars nk.

2) Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar:

Framangreind dagskrá og tillögur auk skjala sem lögð verða fyrir hluthafafund eru hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Smáralind, 3. hæð, að Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Einnig eru skjölin aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur.

Kópavogur, 9. janúar 2024

Stjórn Regins hf.